

Fundargerð

Fyrsti fundur samstarfshóps vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Spákonufellshöfða

haldinn í gegnum Teams þann 25. nóvember 2021, kl. 14:50-15:45.

Fundarmenn:

Alexandra Jóhannesdóttir, Skagaströnd
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Umhverfisstofnun
Kristín Ósk Jónasdóttir, Umhverfisstofnun

Markmið fundar

Fyrsti fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Spákonufellshöfða.

Fundarefni

1. Hvað er stjórnunar- og verndaráætlun?
Guðbjörg kynnir stjórnunar- og verndaráætlunargerð og hvað felst í slíkum áætlunum. Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er tekið fram um hvað skal fjalla í stjórnunar- og verndaráætlunum. Einnig var farið yfir verkferilinn við gerð áætlana.
2. Samráðs- og hagsmunaaðilagreining
Kynnt var samráðsáætlun og listi samráðsaðila uppfærður. Alexandra mun huganlega senda tillögur til viðbótar sem bætt verður við samráðsaðilalistann. Samráðsaðilunum verður tilkynnt um að vinna sé hafin við gerð áætlunarinnar fyrir Spákonufellshöfða.
3. Verk- og tímaáætlun
Farið var yfir drög að verk- og tímaáætlun. Gert er ráð fyrir að stjórnunar- og verndaráætlunin verði tilbúin til undirritunar í byrjun sumars 2022. Fundarmenn hafa ekki athugasemdir við verk- og tímaáætlunina.

Rætt

- Áhugi er á að halda opinn kynningarfund fyrir almenning um áætlunina. Fundarmenn voru sammála um að staðfundur væri mun betri kostur en fjarfundur. Stefnt er að því að halda slíkan fund en taka verður mið af ástandi í samfélaginu þegar nær dregur.
- Sagt var frá umsóknum um framkvæmdir á svæðinu sem nú eru til afgreiðslu hjá Framkvæmdasjóði ferðamannaáætlun.
- Alexandra kannar myndir og kort sem nota má í áætlunina og sendir Guðbjörgu.

Næstu skref

Guðbjörg uppfærir gögn og sendir til hópsins. Heimasíða um vinnuna verður sett upp á vef Umhverfisstofnunar og tilkynning um að vinna sé hafin verður send til samráðsaðila.

Guðbjörg og Kristín vinna að drögum að 1. og 2. kafla og senda á samstarfshópinn í rýni.